


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Fatasaumur – snið FAT203 Kennsluáætlun vorönn 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari: Sólveig Þóra Jónsdóttir sthj@vma.is **Sk.stöfun** **SÓL**
Viðtalstími: Fimmtudaga 11:25 - 12:05

Áfangalýsing:

Að nemendur læri að teikna grunn-snið. Lögð er áhersla á útfærslu eigin hugmynda út frá grunn-sniðum og sniðútfærslum í minni skala. Nemendur læra mikilvæga grunnvinnu sem er fólgin í að teikna snið, sauma prufuflíkur, máta á gínu og gera sniðbreytingar. Mikilvægt er að nemandinn þroski og þrói með sér tilfinningu fyrir formi, litum, efnum og notagildi. Að nemendur öðlist færni í að vinna og þróa eigin hugmyndir í fatagerð.


Kennslumarkmið:

Við lok áfangans er stefnt að því að nemandinn:

- skilji skýringa og leiðbeiningartexta og skilji skýringarmyndir
- hafi náð tökum á orðaforða greinarinnar
- hafi þjálfað skapandi og sjálfstæð vinnubrögð
- kunni að taka mál og máta
- viti hvaða vefjarefni henta í mismunandi fatnað
- geti unnið prufuflíkur á gínu, lagfært og skráð breytingar
- kunni að vinna sniðútfærslur eigin hugmynda í ¼ stærð grunn-sniða
- kunni að yfirfæra sniðútfærslur í minni skala í fulla stærð

Námsmat	Lýsing Vægi	
Vinnubók	Vinnubók með sniðteikningum	20%
Flíkur	Hugmyndavinna, útfærsla á sniðum, profusaumur og flíkur (prufuflík 25% fullunnin flík í efni 35%)	60%
Ástundun	Vinna í tímum, kennari fylgist með vinnubrögðum	15%
Mæting	Mæting 100% frávik mest 9 fjarvistarstig	5%

Í lok annar skilar nemendi vinnubók og flíkur. Þau verk sem ekki er náð í á prófsýnidag eru geymd í eitt ár en síðan er þeim fargað.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	Fatasaumur – snið FAT203	
Síða 2 af 2	Kennsluáætlun vorönn 2011	

Vika	Námsefni (verklegur hluti)	verkefni
2	Inngangur að sniðteikningu. Uppsetning bókar, upplýsingar og ráðleggingar. Heppilegur útbúnaður. Skammstafanir, orða og merkjaútskýringar. Byrjað að teikna í ¼ skyrta.	
3 - 4	Grunnsnið teiknuð í ¼ pils, buxur, bolur sportlegur jakki og stakur jakki.	
5	Tískublöð skoðuð, nemendur skrá hugmyndir í formi skissuvinnu og tiskuteiknunar í hugmyndabækur. Frjáls verkefni í samráði við kennara. (tvær flikur)	
6 - 7	Byrjað að vinna sniðútfærslur eigin hugmynda í ¼ stærð grunnsniða. (tvær útfærslur)	
8 - 10	Sniðútfærslur yfirfærðar í fulla stærð. Sniðið í prufuefni og mátað á gínu, breytingar skráðar	
11-14	Ein sniðútfærsla sniðin í efni sem nemendur kaupa. Flík fullkláruð og kynning á verkefnum í lokin.	
15-17	Frágangur. Nemendur stilla upp verkefnum sínum/gestum boðið að skoða.	

Athugið: Með vikunúmerum er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Tegund	Námsgögn
Bækur	Snið og sniðteikningar, kvenfatnaður. 1999 IÐNÚ, bókaútgafa Reykjavík (fæst á skrifstofu VMA) Höf. Öberg og Ersman, þýð. Ásdís Jóelsdóttir
Tímarit	Tískublöð í eigu skólans

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils